



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ALDARAFMÆLI SJÁLFSTÆÐIS FINNA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Jean Reid forsetafrú taka þátt í hátíðarhöldum í tilefni af aldarafmæli sjálfstæðis Finnlands á morgun, fimmtudaginn 1. júní, ásamt öðrum þjóðhöfðingjum Norðurlanda í boði finnskra stjórnvalda.

Hátíðarhöldin hefjast með viðhöfn í finnsku forsetahöllinni kl. 10:50 þar sem forseti Íslands flytur ávarp ásamt forseta Finnlands, Sauli Niinistö. Þaðan verður haldið í ráðhús Helsinki þar sem gestir sitja hádegisverðarboð. Síðdegis verða dagskrárliðir m.a. í sænsk-finnska menningarsetrinu Hanasaari (Hanaholmen) og við minnismarkið um finnska tónskáldið Jean Sibelius. Að kvöldi fimmtudagsins 1. júní bjóða finnsku forsetahjónin til hátíðarkvöldverðar í finnsku forsetahöllinni.

Í dag, miðvikudaginn 31. maí, sitja forsetahjón hádegisverðarboð finnsku forsetahjónanna og forseti Íslands og forseti Finnlands munu eiga fund og ræða við fréttamenn. Þá mun forseti Íslands einnig eiga fundi í dag með Juha Sipilä, forsætisráðherra Finnlands, og Maria Lohela, forseta finnska þingsins. Meðan á heimsókn forsetahjóna til Finnlands stendur munu þau jafnframt hitta Íslendinga búsetta í Finnlandi í móttöku sem sendiherra Íslands í Finnlandi býður til.

31. maí 2017

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*